

Tillaga Sjálfstæðisflokks um úttekt á kynbundnum mun á námsárangri í leik- og grunnskóla

Borgarstjórn samþykkir að gerð verði úttekt á kynbundnum mun á námsárangri í grunn- og leikskólum borgarinnar. Skóla- og frístundasviði verði falið að vinna að úttekt í samstarfi við fræðimenn á þessu sviði og koma í framhaldi með tillögum til úrbóta. Í þessari vinnu verði ný menntastefna Reykjavíkurborgar höfð til hliðsjónar en þar segir að góð læsifærni á íslensku sé „lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.“

Greinargerð:

Staða drengja í skólakerfinu hefur versnað undanfarna tvo áratugi á ýmsum skólastigum. Árið 2011 skilaði stýrihópur undir stjórn Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur skýrslu um námsárangur drengja. Í skýrslunni voru dregnar fram rannsóknir á kynjamun og námsvanda í leik- og grunnskólum. Af þeim tíu tillögum sem lagðar voru til hafa fæstar komið til framkvæmda.¹ Mælanlegur árangur liggur ekki fyrir, þvert á móti hefur lestrarkunnáttu hrakað ár frá ári. Yfir 30% fjórtán til fimmtán ára drengja eiga í vandræðum með lesskilning.

Nú blasir við mikill kynjahalli í stærstu háskólum landsins þar sem hallar mjög á annað kynið. Til marks um það eru 73% nemenda sem stunda framhaldsnám við Háskóla Íslands konur. Það býðir að 270% fleiri konur en karlar stunda framhaldsnám í HÍ. Næstum bjar konur á móti hverjum karlmanni. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur nýlega vakið máls á þessari stöðu og telur að rekja megi vandann til fyrri skólastiga.²

Mikilvægt er í þessu sambandi að greina betur kynbundinn mun á námsárangri svo unnt sé að greina hvar rót vandans liggur. Alkunna er að um 30% drengja geta ekki lesið sér til gagns að loknum grunnskóla, en það er of seint að bregðast við vandanum á því stigi.³ Brottfall meðal drengja úr framhaldskóla er um 30% og þá er mikill skaði skeður.⁴

Fjöldi þeirra sem ekki geta lesið eftir annan bekk grunnskóla er 35-40%. Það hlutfall ætti að vera nálægt 10%. Það er því verk að vinna á fyrstu árum grunnskólans. Þá er mikilvægt að skoða hlutverk og stöðu leikskólans, enda benda rannsóknir til þess að fyrstu árin hafi mikil áhrif á framtíð barna.

Þegar heildarmyndin er skoðuð er fróðlegt að skoða nýlega skýrslu UNICEF þar sem lagt er mat á velferð barna í efnameiri ríkjum heims.⁵ Umboðsmaður barna Salvör Nordal hefur vakið athygli á þessari samanburðarskýrslu.⁶ Birtur er samanburður milli 41 ríkis OECD og Evrópusambandsins. Þar kemur fram að hlutfall íslenskra barna sem hefur viðunandi færni í lestri

¹ <https://strakar.files.wordpress.com/2011/09/starfshc3b3pur-um-nc3a1msvanda-drengja-20111.pdf>

² https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/09/18/ein_stærsta_askorun_samfélagsins/

³ <https://kjarninn.is/frettir/2019-06-04-taep-30-prosent-drengja-geta-ekki-lesid-ser-til-gagns-vid-lok-grunnskologongu/>

⁴ <https://www.althingi.is/altext/149/s/1378.html>

⁵ <https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/Report-Card-16-Worlds-of-Influence-child-wellbeing.pdf>

⁶ <https://www.mbl.is/mogginn/bladid/grein/1762844/>

og stærðfræði er aðeins 62%. Ísland lendir í 34. sæti af 41 ríki varðandi hæfni í stærðfræði og lestri, en það eru einmitt þau atriði sem menntamálaráðherra vill efla með nýjum áherslum í námsskrá.⁷

Þegar horft er á frávik er ekki hægt annað en að nefna börn innflytjenda á Íslandi. Þau mælast með marktækt lægri einkunnir en börn innfæddra. Hefur norræna ráðherranefndin bent á að munurinn sé sá mesti á meðal landa OECD.⁸ Jafnframt má nefna að 92,5% innflytjenda eru á gulu og rauðu ljósi og kunna ekki íslensku. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fluttu tillögu um að minnka mismun í námsárangri barna innflytjenda og annarra barna hinn 2. október 2018. Staða drengja er mengi í báðum þessum hópum og þarf að vinna markvissar að draga úr mismunun í námi á öllum sviðum.⁹

Reykjavíkurborg sem stærsta sveitarfélagið hefur alla burði til þess að bregðast við þessum fjölbætta vanda. Skólamálin eru bæði stærsti málaliður borgarinnar hvað útgjöld varðar og mikilvægur grunnur að Íslandi framtíðarinnar. Hér er verið að beina sjónum að kynbundnum mun sem er greinilegur og vaxandi á flestum skólastigum. Fara þarf í aukna greiningu og markvissar aðgerðir sem skila mælanlegum árangri sem metin verði árlega. Hér er lagt til að unnið verði að tillögum til úrbóta í samvinnu við fræðimenn og sérfræðinga á þessu sviði. Með því að leggja þessa tillögu fram í borgarstjórn viljum við flagga þessum vanda og vinna á honum bug.

⁷ <https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/Report-Card-16-Worlds-of-Influence-child-wellbeing.pdf>

⁸ https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20stefnu_menntun%20barna%20og%20ungmenna%20me%C3%B0%20fj%C3%B6lbreyttan%20tungum%C3%A1la-%20og%20menningarbakgrunn_260520.pdf

⁹ https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/tillaga_d_namsarangur_greinargerð.pdf